



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Nefndarsvið Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 140/120
komudagur 14.11.2011

11. nóvember 2011
Tilvísun: 2011100086

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði

Fjármálaeftirlitið fagnar tillögu til þingsályktunar um hvernig styrkja megi stöðu neytenda á fjármálamarkaði.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að skipuð verði nefnd sem gerir úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði og setji fram tillögu um hvernig styrkja megi stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið bendir á að óheppilegt sé að afmarka þingsályktunartillöguna við stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum þar sem markmiðið er væntanlega að styrkja stöðu neytenda almennt á fjármálamarkaði, en fjármálafyrirtæki eru einungis ein tegund fyrirtækja á fjármálamarkaði. Umsögn þessi gerir því ráð fyrir að átt sé við úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði almennt.

1. Skýrsla: Ný sókn í neytendamálum á Íslandi

Fjármálaeftirlitið vill af þessu tilefni benda á að viðskiptaráðuneytið hefur nú þegar látið gera ítarlega úttekt á stöðu neytendamála á Íslandi. Skýrslan ber heitið *Ný sókn í neytendamálum* og var gefin út 2008 og fjallar um neytendamál almennt. Hægt væri að nota skýrsluna sem grunn að vinnu nefndarinnar um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið bendir þó á að uppfærslu er þörf með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem gerðar hafa verið á neytendalöggjöf á fjármálamarkaði í kjölfar fjármálahrunsins.

2. Verkaskipting neytendamála á fjármálamarkaði innan Stjórnarráðsins

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um að hlutverk nefndarinnar yrði að skoða verkaskiptingu Stjórnarráðsins og stöðu sjálfstæðra stofnana sérstaklega og gera tillögur um breytingar ef þörf krefur. Fjármálaeftirlitið telur að um þarft verkefni sé að ræða og bendir á að neytendavernd á fjármálamarkaði er falin ýmsum stofnunum sem heyra undir mismunandi ráðuneyti. Fjármálaeftirlitið heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið, embætti umboðsmanns skuldara heyrir undir velferðaráðuneytið, Neytendastofa heyrir undir innanríkisráðuneytið, og eftirlitsnefnd um framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar heyrir undir efnahags- og viðskiptaráðuneytið. Í því samhengi bendir Fjármálaeftirlitið á Skýrsluna *Ný sókn í neytendamálum* sem getið var um hér að framan, þar sem settar eru fram tillögur í kafla 8.3.1 um nýja og sameinaða stofnun á sviði neytendamála.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

3. Opinberir aðilar sem vinna að neytendamálum á fjármálamarkaði

Neytendastofa

Neytendamál á Íslandi eru almennt í höndum Neytendastofu sem starfar samkvæmt lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005. Í lögnum, sem og athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögnum er kveðið á um að hlutverk og helsta markmið Neytendastofu sé að sinna og efla starf að neytendamálum. Í þessu skyni er stofnuninni falið vald til að taka ákvarðanir í einstaka málum er varða neytendur og viðsemjendur þeirra. Af þeim verkefnum sem Neytendastofu er falið eftirlit með og snúa sérstaklega að fjármálamarkaði má nefna lög um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins nr. 62/2005 og lög um neytendalán nr. 121/1994. Í því samhengi má nefna að fyrirhuguð er heildarendurskoðun á lögum um neytendalán vegna innleiðingar á tilskipun nr. 2008/48/EB.

Umboðsmaður skuldara

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu umboðsmanns skuldara er meginmarkmiðið að bæta stöðu einstaklinga sem eiga i skulda- og greiðsluferfiðleikum i kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og auðvelda þeim að koma greiðslubyrði og skuldastöðu í ásættanlegt horf. Umboðsmaður skuldara skal hafa hagsmuni skuldara og réttindi þeirra að leiðarljósi. Umboðsmanni er einnig ætlað viðamikið hlutverk varðandi greiðsluádlögun. Umboðsmanni skuldara er m.a. falið eftirlit með endurútreikningum fjármálafyrirtækja á gengislánum neytenda, sbr. reglugerð nr. 178/2011.

Eftirlitsnefnd um framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar

Lög nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila, og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, kveða á um leiðir og viðmið til þess að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindingar einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Í 2. gr. laganna er fjallað um eftirgjöf skulda eða breytingu á skilmálum skuldabréf og lánsamninga einstaklinga og heimila. Í 3. gr. laganna er fjallað um að kröfuhafar skuli setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánsamninga sem kunna að leiða til eftirgjafar skulda eða ivilnunar fyrir fyrirtæki.

Lögin gera ráð fyrir að eftirlit sé í höndum sérstakrar eftirlitsnefndar sem hefur eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði. Í 6. gr. reglna nr. 307/2010 um störf eftirlitsnefndarinnar er kveðið á um að telji nefndin að verklagsreglum um aðlögun og endurskipulagningu skulda fyrirtækja sé ekki framfylgt hjá eftirlitsskyldum aðilum, eða sanngirni og jafnræðis ekki gætt skal hún skila álit til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið

Almennt snýr starfsemi Fjármálaeftirlitsins að því að eftirlitsskyldir aðilar fari eftir þeim lögum, reglugerðum, reglum o.fl., sem um starfsemi þeirra gildir og þannig séu hagsmunir neytenda tryggðir. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er því að tryggja heilbrigðan og traustan



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

fjármálamarkað en því er ekki ætlað skv. lögum nr. 87/1998 neytendahlutverk, þ.e. úrskurðarvald í einkaréttarlegum ágreiningsmálum milli neytenda og eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur mótað sér stefnu í neytendamálum sem birt er á heimasíðu þess, www.fme.is. Þar er skýrt tekið fram að eftirlitið hafi ekki úrskurðarvald í einkaréttarlegum ágreiningsmálum sem upp kunna að koma milli neytanda og eftirlitsskyldra aðila. Af því leiðir að þjónusta sem veitt er neytendum einkennist af því að veita þeim upplýsingar eða leiðbeiningar, m.a. hvaða aðili eða aðilar fari með úrskurðarvald eða dómsvald í þeirra málum. Jafnframt hýsir Fjármálaeftirlitið tvær úrskurðarnefndir sem fjallað geta um ágreiningsmál á milli neytenda og fjármálafyrirtækja eða váttryggingafélaga. Ábendingar neytenda, sem og starfsmanna eftirlitsskyldra aðila, um hugsanleg lögbrot eru mikilvægur og nauðsynlegur þáttur í sérhverju eftirliti, þar sem ábendingar geta veitt mikilvæga innsýn í starfshætti sem ekki verða greindir með hefðbundnu eftirliti.

Neytendavernd er sérstaklega falin Neytendastofu sem er falið að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda. Þá hefur umboðsmanni skuldara verið falið að gæta hagsmuna skuldara. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að hafi öðru stjórnvaldi með lögum sérstaklega verið falið að hafa eftirlit með viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila á sérstöku og afmörkuðu sviði þá gangi slík skýr fyrirmæli löggjafans framur almennt orðuðum lagaákvæðum eins og koma fram í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998. Í þeim tilfellum sem Fjármálaeftirlitinu berst erindi, sem varðar löggjöf þar sem eftirlitið er falið annarri stofnun er erindið framsent á réttan stað svo fljótt sem unnt er, skv. leiðbeiningarskyldu stjórnvalda.

4. Sérstök stofnun sem sinnir málum neytenda á fjármálamarkaði

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að nefndin skuli taka til skoðunar sérstaka stofnun sem sinnir málum neytenda á fjármálamarkaði að kanadískri og bandarískri fyrirmynd. Fjármálaeftirlitið lítur framangreint jákvæðum augum og telur það heppilega leið til að skapa öflugna neytendavernd á fjármálamarkaði.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Unnur Gunnarsdóttir


Hildur Jóna Júlíusdóttir